

er þvagstreymi einfaldlega veitt fram hjá blöðru eins og að ofan greinir ern sjálf blaðran skilin eftir.


## Lögun og gerð ganganna

Við gerð þarfaganga ber margs að gæta en höfuðmarkmiðið er að op þessi þjóni sem næst því hlutverki sem náttúrulegum þarfagangi er ætlað og þar með svo litlu óhagræði fyrir sjúkling að sem minnst truflun verði á högum hans. Of langt mál yrði að fara út í öll þau tæknilegu vandamál sem læknaþurfa að kljást við, en hér skal einungis tæpt á örfáum atriðum.

Staðsetning þarfagangs verður alltaf að miðast við að sjúklingur nái vel og sjái til við frágang og hagræðingu þeirra hjálpartækja er til þarf. Sérstaklega á þetta við um varanlega þarfaganga. Til að tryggja gott hald fyrir þau þarf að velja kúptan flöt öðru hvoru megin miðlinu og ber að forðast allar ójöfnur á skinni, svo sem ör, beinhnjóta eða skinnfellingar. Ber því stundum nauðsyn til að merkja sjúkling fyrir aðgerð uppistandandi eða sitjandi. Oft reynist ördugt að finna hagkvæman stað fyrir opið á skvapholda sjúklingum.

Lögun þarfagangsins sjálfs hefur einnig þýðingu fyrir daglega um-

**Úróstómía (þvagrásarlögn). Í einangraðan garnarbút eru tengdir þvagleiðarar frá nýrum (þau sjást ekki á myndinni).**



# STÓMAHÓPURINN

Haustið 1977 stofnuðu nokkrir aðilar með stómaaðgerðir starfs- hóp í samvinnu við fáeina velunnara sína. Fjölmargir umræðu- fundir hafa verið haldnir og samtökin eru smám saman að eflast. Er greinilegt að mikil þörf er fyrir slíka starfsemi. Leitast er við að hafa samband við sem flesta er hagsmuna hafa að gæta í þessum efnunum. Stómahópurinn leggur sérstaka áherslu á að tryggð verði, og jafn- framt auðvelduð, útvegum þeirra hjálpartækja sem þessu fólki eru nauðsynleg. Auk þess er leitast við að miðla upplýsingum um þessi efni í samráði við heilbrigðisstéttir.

Samkvæmt upplýsingum frá forsvarsmönnum hópsins er talið að 130 manns hér á landi þurfi nú á hjálpartækjum að halda eftir stómaaðgerðir. Af þeim sem vitað er undir hvaða aðgerð hafa gengist eru 60% með kólóstómíu, 34% með íleóstómíu og 6% með úróstómíu. Þessir 130 skiptast jafnt á bæði kyn, 88 þeirra búa á höfuðborgarsvæðinu en 42 utan þess. Um helmingur stómafólks á Íslandi er yfir sextugt, um 15% í aldursflokknum 40–59 ára og jafnmargir 20–39 ára en tæp 20% eru undir tvítugsaldri.

Þeir sem vilja hafa samband við stómahópinn geta sent bréf í pósthólf 523 í Reykjavík. Með allar upplýsingar er farið sem trú- n- aðarmál. —jr.

önnun og greinir þar á milli ristil- ops og smágirnisops. Þannig má op frá neðanverðum ristli vera nánast í fleti við eða aðeins lítið eitt hafið yfir skinnið í kring. Með smágirn- isop eða þvagrásarlögn er þessu á annan veg farið. Hið þunnfljót- andi, systreymandi innihald hefur tilhneigingu til að leka utan þau. Þarf því að byggja upp eins konar stút sem hafinn er a.m.k. tvo senti- metra út fyrir kviðarvegg. Með því móti eru samskeyti húðar við pokafestingu best varin fyrir stöð- ugum ágangi bleytu, sem með tíma- num opnar leið fyrir leka, ertingu og afrifur. Stútur þessi má í upphafi vera stór því að samdráttur eða herpingur er nokkuð algengt vandamál þegar frá líður.

## Um 140 ára þróun

Fyrsta ristilop sem um getur gerði franskur læknir J. Amussad að nafni í París árið 1839. Var op þetta með nokkuð öðrum hætti en

þau er hér að framan hefur verið lýst. Ristill var tekinn út um bakið og hélst sú aðferð um hálfra aldar skeið, er svonefnt lykkjuop kom fram um 1884. Nútíma tækni við varanlegt ristilop kemur þó ekki fram fyrr en 1908 er Miles lýsti fyrstu árangursríku aðgerð vegna illkynja æxlis í endaparmi. Veru- legar framfarir urðu þó ekki fyrr en um 1950 er gerð ristilopa færðist í núverandi horf.

Fyrsta smágirnisop sem um getur gerði Brown í St. Louis í Banda- rikjunum árið 1913. Saga smágirn- isopa varð þó saga sífelldra hrak- falla, vegna óbærilegrar skinnert- ingar, þar til um 1950 en um það leyti tókst samvinna með dr. R. Turnbull í Cleveland í Bandarík- junum og eins af sjúklingum hans, Normu Gill, og nútímahjúkrun og umönnun þessara sjúklinga komst á laggirnar. Í framhaldi af því varð samband svonefndra ostomyhjúk- unarliða stofnað, sem nú ber heitið